



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Dagsetning

Tilvísun

Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
Friðjón Guðröðarson
Austurvegi 4
860 HVOLSVÖLLUR

19 október, 1993

Alþingi

Erindi nr. D 117/93

Bréfsímanúmer: 98 - 78725

komudagur 20/10 1993

Varðar: Fjárlagatillögur fyrir árið 1994 til sýslumannsembættanna í Vík og á Hvolsvelli í tengslum við sameiningu embættanna.

Eftir að talnabálkur fjárlagafrumvarps fyrir árið 1994 fór í prentun, uppgötvaðist villa sem snýr að fyrirhugaðri sameiningu sýslumannsembættanna í Vík og á Hvolsvelli. Fallið hefur niður viðbót við löggæslukostnað sameiginlega embættisins vegna áframhaldandi reksturs lögreglunnar í Vík. Á janúar-verðlagi 1993 vantar 5,1 milljón króna á fjárlagalið 06-431-120, á verðlagi fjárlaga 1994 vantar 5,3 milljónir króna.

Fjárlagatillögur á ofangreindan fjárlagalið ættu því að líta þannig út:

Laun	17.100	Þús. kr.
Önnur gjöld	5.800	"
Eignakaup	400	"
Samtals	23.300	"
Sértekjur	1.250	"
Mismunur	22.050	"

Ráðuneytið hefur látið fjármálaráðuneytið vita um ofangreinda villu og gert er ráð fyrir leiðréttingum í tengslum við aðra umræðu um fjárlagafrumvarpið í vetur.

F.h.r.

Afrit: Þingmenn Suðurlandskjördæmis
Alsherjarnefnd Alþingis
Fjárlaganefnd Alþingis
Sýslumannafélag Íslands